

Sþ.

70. Tillaga til þingsályktunar

[65. mál]

um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipinganefnd til að rannsaka möguleika á framkvæmd verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna. Starfað skyldi að margvíslegum viðfangsefnum í þágu þjóðarheildar fyrir ríki og sveitarfélög, góðgerðar- og mannúðarfélagsskap. Nefndin skili álit til Alþingis, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að lögfesting á verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna sé æskileg, þá skili hún frv. að lögum um viðfangsefnið, sem lagt verði fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Ég hef flutt svipaða tillögu á tveimur undanförunum þingum. Er nú orðalagi lítið eitt breytt, m. a. tekin upp í niðurlag tillögunnar í aðaldráttum efnisbreyting, er flutt var á síðasta þingi af minni hluta allsherjarnefndar Sþ. En allsherjarnefndin afgreiddi þá till. og var klofin, en Alþingi tók hins vegar ekki afstöðu. Ég nefni nú viðfangsefnið verknáms- og þjónustuskyldu og hef fellt úr tímalengd og aldurs skeið. Læt ég væntanlegri millipinganefnd þá ákvörðun eftir með öðru, ef Alþingi vildi nú fallast á tillögun. Ég hef ekki horfið frá þessari hugsjón, þessu uppeldis- og mannbótamáli, þessum farvegi orku, velvilja og vitsmuna til að styrkja og efla land og þjóð. Og mig undrar, hve hljótt er um þennan þátt í öllum þeim þunga nið, er um þjóðlífið fer, í þeim stormandi kröfum um skóla og nám, sem sífellt rísa hærra og hærra. Þykir mér sem sá þáttur, er ég er hér að fjalla um, falli um of í skuggann, því að mér sýnist, að verknáms- og þjónustuskylda sé nauðsynleg jafnvægishreyfing í þjóðfélagi síaukins skólanáms, síaukins bóknáms og skólabygginga. Ég hef vakið athygli á með þeirri tillögu, er ég hef áður flutt, að málið sé vandasamt, krefjist mikils undirbúnings, vandaðrar og einbeittar stjórnar. Viðfangsefni á ekki að skorta í stóru landi fámennrar þjóðar, sem á það sjálfstæðismál mest að gera landið allt sem byggilegast, með samgöngukerfi og samfélagsumbótum, sem jafna búsetuáðstöðuna.

Þótt ég felli úr till. aldursmörk unglínga og tímalengd verknáms- og þjónustuskyldu, er ég sem fyrr þeirrar skoðunar, að aldursmörkin eigi að vera á 4—5 ára skeiði og tímalengdin þurfi að vera a. m. k. 3—4 mánuðir og jafnvel lengri. Og verkefnin eru ekki sízt á sviði skógræktar og landgræðslu, bygginga í þágu almennings, svo sem skóla og sjúkrahúsa, vegagerðar og græðslu vegasára, snyrtingu úti-svæða, hjálpar- og líknarstarfa. Jafnvel við sjóvinnu og landbúnaðarstörf.

Ég hef undrast tómlæti um þetta mál. Ekki síður beina andstöðu. Og þó skyldi það ekki vekja svo mjög undrun. Einhver hættulegasti þjóðarkvilli nú er sjálfsmeðaumkunin. Og ýmsa grípur þessi hugmynd um þjónustuskyldu líkum tókum og tugthússdómur, útleið, smán eða pynting. Hin hliðin er ekki skoðuð, þar sem skyldur þjóðfélagsins eru skráðar, né réttindi unglínganna í fræðslu- og skólamálum. Ég efast ekki um, að flestir muni a. m. k. með árunum viðurkenna réttmæti þessarar skyldu og fagna því að hafa notið hennar og hafa galdið samfélaginu með gagnlegum stundum, líka þeir, sem misskilja gildi þessa og tilgang á þjónustualdrinum. En það er ekki einungis sjálfsmeðaumkunin, sem er meinsemd, heldur og ekki síður meðaumkun margra, sem við uppeldi fást. Steingrímur segir um Íslands:

„Oft finnst oss vort land eins og helgrinda hjarn.

En hart er það aðeins sem móðir við barn.

Það agar oss strangt með sín isköldu él.

en á samt til blíðu, það meinar allt vel“.

Þetta á ekki beint við um verknáms- og þjónustuskyldu, — ég held, að flestum verði sá tími eins og bros — verði beinar yndisstundir — æskan er yfirleitt heil-

brigð, — en ég dreg þetta fram til umhugsunar fyrir þá, sem þjást af sjálfsmeð-
aumkun og meðaumkun sinna nánustu.

Ég hef að yfirlögðu ráði orðað þáttill. á þann veg nú að tala um verknáms- og
þjónustuskylda. Ekki af ótta við tal um þrælahald né til þess að reyna að blekkja
um það, sem á bak við býr. Nei! Heldur vegna þess, að slík þjónustuskylda, sem
um ræðir í till., er í mörgum tilfellum **nám** og því fleirum sem velferðarþjóðfélaginu
miðar meir áfram. Já, mörgum nám og flestum eða öllum aukin menntun með marg-
víslegum hætti. Menntun er ekki aðeins nám og þekkingaröflun á skólabeck —
**jafnvel miklu fremur snerting við almenn störf þjóðarinnar, t. d. ekki sízt ræktunar-
störf til nytsemdar og fegrunar. Störf, sem opna flestum nýjan heim, nýja rökhyggju,**
nýjan skilning á samræmi þjóðlífs og því, hvar ræturnar liggja, sem í þjóðfélagi
jafnt og jurt er ekki aðeins festan, heldur er þannig aflað næringarinnar fyrst og
fremst til viðhalds og vaxtar. Slíkt verknám og þjónustuskylda þyrfti að koma öll-
um unglungum í skilning um það, að rætur þjóðlífs liggja í frumframleiðslunni.

Æskan, sem í skólunum er, hefur áhyggjur af atvinnu næsta sumar. Ekki síður
aðstandendur oft og tíðum. Þetta mál, sem hér er flutt, leysir verulegan vanda í
þeim efnum. Enn skal reynt á, hvort Alþingi vill veita þessu máli brautargengi.